



FUNDARGERÐ STJÓRNAR

436. fundur

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, fimmtudaginn 22. október 2020. Fundurinn er settur klukkan 14:02. Fundurinn er fjárfundur á Teams.

Fundarstjóri: Líf Magneudóttir stjórnarformaður, fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Mætt: Ágúst Bjarni Garðarsson, Birkir Jón Jónsson, Bjarni Torfi Álfþórsson, Jóna Sæmundsdóttir, Kolbrún Þorsteinsdóttir og Líf Magneudóttir. Helgi Þór Ingason framkvæmdastjóri, Guðrún Eva Jóhannesdóttir fjármálastjóri og Gunnar Dofri Ólafsson, sérfræðingur í samskiptum og samfélagsvirkni.

Gestur á fundinum er Haraldur Flosi Tryggvason lögmaður og ráðgjafi stjórnar & framkvæmdastjóra.

Tekið fyrir:

1. Staða og horfur í rekstri og fjárfestingum

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðu og horfum í rekstri og fjárfestingum SORPU.

2. Fjárhagsáætlun 2021

Stjórn samþykkir framlagða starfs- og fjárhagsáætlun félagsins fyrir árið 2021 og fimm ára áætlun fyrir árin 2021 til 2025 og gjaldskrárbreytingar sem eiga að taka gildi þann 1. janúar 2021. Stjórn felur framkvæmdastjóra að koma henni til kynningar og afgreiðslu á eigendafundi eins og eigendastefna félagsins gerir ráð fyrir og jafnframt senda hana til aðildarsveitarfélaga félagsins eins og starfsreglur stjórnar kveða á um.

Stjórn SORPU bs. hefur samþykkt fyrir sitt leyti fyrirliggjandi tillögu að fjárhagsáætlun SORPU bs á grundvelli forsendna eigenda og tillögu um gjaldskrárbreytingar og fjármögnun félagsins.

Á þessum grundvelli veitir stjórn framkvæmdastjóra heimild til að óska eftir og semja við Íslandsbanka hf. um fjármögnun fjárhagsáætlunar félagsins ásamt því að undirrita lánasamninga tengdu því. Um er að ræða framlengingu á 1.100 milljóna króna yfirdráttarheimild fram til 31.12.2021.

Jafnframt er lagt til að framkvæmdastjóra verði falið að afla nauðsynlegra heimilda og ábyrgða frá eigendum SORPU bs.

Stjórn veitir framkvæmdastjóra einnig heimild til að óska eftir og semja við lánastofnun um 300 milljóna króna lán í tengslum við fjármögnun fjárhagsáætlunar félagsins og undirritun lánasamninga tengdu því.

3. [TRÚNAÐARMÁL]

4. Kynningarferli vegna breytinga á aðalskipulagi Reykjavíkur

Framkvæmdastjóri kynnir fyrirhugaðar breytingar á aðalskipulagi Reykjavíkur og hugsanleg áhrif þeirra á starfsemi SORPU. Stjórn felur framkvæmdastjóra að undirbúa umsögn um breytingartillögurnar.



5. Starfsleyfi GAJA gefið út

Starfsleyfi er lagt fram undir lið 1.

6. Ráðningarferli framkvæmdastjóra

Formaður og framkvæmdastjóri kynna auglýsingu um starf framkvæmdastjóra fyrir samlagið. Stjórn felur framkvæmdastjóra að birta auglýsinguna eins fljótt og auðið er. Formaður og framkvæmdastjóra er falið að hafa yfirumsjón með ráðningarferlinu.

7. Önnur mál

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir minnisblaði um drögum að samkomulagi SORPU við Héðinn vélsmiðju. Stjórn samþykkir með fyrirvara um samþykktá fjárhagsáætlun félagsins.

8. Næsti fundur

Næsti fundur stjórnar er boðaður fimmtudaginn 12. nóvember 2020 klukkan 14:15.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 15:46 22. október 2020.